

Katrín leiðir Fræðslustofnun



Katrín Þórarinsdóttir er formaður Fræðslustofnunar Lækna og starfar sem gigtarlæknir á Landspítala. Mynd/gag

Katrín flutti heim eftir ár í Bretlandi sumarið 2022 eftir langa fjarveru en hún hóf sérnám í Gautaborg 2010. „Við viljum sem fyrr leggja áherslu á rannsóknir og sýna að hér eru stundaðar öflugar rannsóknir og hvetja til þeirra. Bæði klínískra

„Þetta leggst vel í mig. Mér finnst verkefnið mjög spennandi og er ánægð með að fá að takast á við skipulagningu Læknadaga,“ segir Katrín Þórarinsdóttir, gigtarlæknir á Landspítala. Hún er formaður Fræðslustofnunar

■ ■ ■ Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir

og grunnrannsóknna. Á Læknadögum viljum við sýna framfarirnar sem orðið hafa í læknavísindum.“

Hún segir undirbúning daganna umfangsmikinn. Nú lesi hún yfir allar umsóknir og sjái til þess að samhengi sé í dögum. „Við þössum að endurtaka okkur ekki frá ári til árs heldur bjóðum fjölbreytta dagskrá og leyfum ólíkum sérgreinum að njóta sín. Læknadagar eiga að vera fyrir alla lækna.“

Katrín segir Fræðslustofnun lækna nú vera að krækja í góða erlenda fyrirlesara. „Prógrammið er metnaðarfullt en of snemmt að gefa upp nöfnin.“ Sjálf sótti hún ráðstefnur mikið við störf sín í Svíþjóð. „En þá mest gigtarráðstefnur. Bæði

á spítalanum og samnorrænar ráðstefnur. Það var nóg að gera innan gigtarsérgreinanna. Við vorum nokkuð ódugleg að fara á svona víðtækari ráðstefnur eins og Læknadagar eru.“ Raunar kristalli Læknadagar muninn á því að starfa erlendis og hér heima.

„Hér á landi er mikill kostur að sjóndeildarhringurinn sé breiður. Maður lærir af öðrum sérgreinum og þeirra nýjungum og sér að þær geta nýst milli sérgreina,“ segir Katrín sem tekur nú við keflinu eftir dygga stjórn Kristínar Sigurðardóttur bráðalæknis í fyrra.

Læknadagar verða haldnir dagana 15.-19. janúar

2000 COVID-innlagnir á Landspítala



Ólafur Guðlaugsson er formaður Farsóttarnefndar Landspítala. Mynd/gag

„COVID er orðið langstærsta verkefni sem íslenskt heilbrigðiskerfi hefur þurft að fást við og langstærsti faraldur sem hér hefur geislað,“

segir Ólafur Guðlaugsson, yfirlæknir sýkingavarnadeildar Landspítala fyrir hönd Farsóttarnefndar spítalans.

Við árslok 2022 höfðu rúmlega 2000 sjúklingar legið á Landspítala vegna COVID-19, þar af létust 111 á spítalanum. Þetta kemur fram í starfsemisupplýsing-

um spítalans sem sýna uppgjör ársins 2022 og birt var í júní. „Af þessum 2000 sjúklingum voru rúmlega 1300 með COVID-19 sem aðalsjúkdómsgreiningu og 65 þeirra létust á spítalanum,“ stendur þar.

Sagt er frá því að sumir hafi fengið COVID-19 oft en einu sinni og átt nokkrar innlagnir og einhverjir lagst endurtekið inn vegna eftirkasta sjúkdómsins. Langflestar innlagnir hafi verið árið 2022 hjá öllum aldurshópum. Fjórða bylgja faraldursins náði toppi þann 18. mars 2022: „Þann dag voru 85 sjúklingar innliggjandi á spítalanum með COVID-19.“

Ólafur bendir á að samkvæmt COVID.



COVID er langstærsti faraldur sem íslenskt heilbrigðiskerfi hefur þurft að fást við samkvæmt Farsóttarnefnd spítalans. Hér er Runólfur Pálsson forstjóri í vettvangsferð í fjórðu bylgjunni. Mynd/Porkell Porkelsson

is upplýsingasiðunni hafi 209.191 greinst með smit til 21. mars, þar af hafi einungis 6554 smitast oft en einu sinni. Fleiri hafi nú bæst við, en tölurnar eru ekki lengur uppfærðar hjá sóttvarnalækni.

Fyrsta COVID-smitið hér á landi greindis 28. febrúar 2020.

Öldungar fagna því að vinna megi til 75 ára

■ ■ ■ Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir



Óttar Guðmundsson, formaður Öldungadeildar Læknafélagsins, segir mikilvægt að læknar yfir sjötugu sitji við sama launaborð og aðrir læknar. Myndlag

Heilbrigðisstarfsfólki sem vinnur klínísk störf verður frá áramótum gert kleift að vinna til 75 ára aldurs hjá opinberum heilbrigðisstofnunum á grundvelli ráðningarsamninga. „Ég fagna þessu og er mjög ánægður með þessa breytingu,” segir Óttar Guðmundsson formaður Öldungadeildar Læknafélagsins og geðlæknir.

Alþingi samþykkti þetta frumvarp Willum Þórs Þórssonar heilbrigðisráðherra sem felur í sér tímabundna undanþágu frá almennri reglu um 70 ára starfslokaaldur ríkisstarfsmanna.

Þetta kemur fram á vef Stjórnarráðsins. Ákvæðið gildir frá 1. janúar 2024 til 31. desember 2028:

„Skilyrði fyrir undanþágunni er að starfið felist í beinum samskiptum við sjúklinga, stoðþjónustu eða rannsóknunum í tengslum við þjónustu við sjúklinga, eða handleiðslu yngra heilbrigðisstarfsfólks eða nema,” segir á vef Stjórnarráðsins. Ráðning samkvæmt þessu ákvæði skuli vera tímabundin og vara að jafnaði í eitt ár í senn og aldrei lengur en tvö ár í senn.

Óttar segir það hafa verið baráttumál félagsins að breyta aldurstakmarkinu. „Við höfum lengi verið ósátt við þessa tilhögun mála,” segir hann og vísar til óánægju með að læknar sem vinna hjá Landspítala snarlækki í launum starfi þeir eftir sjötugt.

„Okkur hefur alltaf fundist það mikilvægt. Ég vann til að mynda í 5 ár á geðdeild Landspítala eftir sjötugt og launin þá lægri en þegar ég var fastur starfsmaður. Það er engin glóra í því.“ Sé tekið á þessu sé það mjög til bóta. „Já, það er grundvöllur ánægju okkar að við sitjum við sama borð þótt við séum komin á aldur – að við lækjum ekki í launum.“



Forseti Íslands sæmdi Davíð O. Arnar yfirlæknir og prófessor riddarakrossi 17. júní.

Davíð O. Arnar fær fálkaorðu

„Þetta er mikill heiður. Ég er þakklátur fyrir að það sé tekið eftir því sem við erum að gera og það metið,” segir Davíð Ottó Arnar, yfirlæknir og prófessor sem fékk riddarakross fyrir framlag til hjartalækninga, vísindarannsókna og nýsköpunar á þjóðháttíðardaginn, afhentan af forseta Lýðveldisins á Bessastöðum.

Fjórtán fengu riddarakrossinn að þessu sinni. Davíð eini læknirinn. Hann hefur nú komið orðunni haganlega fyrir ofan í skúffu. „Þetta er viðurkenningin frekar en orðan sjálf,” segir hann og leggur áherslu á að fleiri eigi hlut í orðunni.

„Margir sem hafa unnið með mér eiga stóran þátt í að störf mín hafa gengið vel. Fjölmargir samstarfsaðilar á spítalanum, hjá Íslenskri erfðagreiningu, Sidekick Health og Hjartavernd eiga risastóran þátt í þessu ferli og velgengni ekki síður en fjölskyldan. Það koma margir að því að láta hlutina ganga upp. Þetta er ekki verk eins manns.“

Læknar semja til næsta vors



Mikael Smári Mikaelsson, formaður samninganefndar lækna.

Læknar hafa samþykkt skammtíma kjarasamning sem gildir til 31. mars 2024. „Við teljum þessa niðurstöðu þá bestu sem hægt var að fá í stöðunni. Það er mikil vinna framundan og undirbúningur fyrir næstu samningslotu. Það skiptir öllu núna,” segir Mikael Smári Mikaelsson, formaður samninganefndar Læknafélagsins.

Kosningu lauk á hádegi 23. júní og tóku 648 félagsmenn þátt, eða 50,08% þeirra. Af þeim sögðu 547 já, eða 84,41%, 86 sögðu nei, 13,27%, og 15 tóku ekki afstöðu, 1,21%.

Mikael segir þessa samninga eitt skref í áttina að því sem þurfi að ná fram „Það má líta á þennan samning sem eins konar vopnahlé,” segir hann. „Við tókum nú hlé í baráttunni til að báðir aðilar geti undirbúið sig. Svo byrjar næsta samningslota eftir áramót af fullum þunga. Þangað til eru vinnuhópar að reyna að leysa úr ákveðnum hlutum til að styrkja og styðja samningaviðræðurnar.“